

Áhafnatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 344 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Áhafnatrygging er hóptrýgging fyrir útgerð og áhöfn skipa og smábáta, sem er samsett úr fjórum tryggingum; slysatryggingu, ábyrgðartryggingu útgerðarmanns, farangurstryggingu og líftryggingu.



Hvað er tryggt?

Slysatrygging greiðir bætur:

- ✓ Vegna slyss sem sjómaður verður fyrir við störf um borð í skipinu eða við vinnu í beinum tengslum við rekstur þess.

Ábyrgðartrygging útgerðarmanns greiðir bætur:

- ✓ Vegna skaðabótaábyrgðar utan samninga sem fellur á útgerðarmann samkvæmt íslenskum réttarreglum.

Farangurstrygging greiðir bætur:

- ✓ Vegna tjóns á persónulegum eignum skipverja sem útgerðarmanni ber að bæta samkvæmt sjómannaálagum.

Líftrygging greiðir bætur:

- ✓ Vegna andláts sjómanns af völdum veikinda.



Hvað er ekki tryggt?

Slysatrygging greiðir ekki bætur vegna:

- × Slysa sem sjómaður verður fyrir í frítíma sínum.

Ábyrgðartrygging útgerðarmanns bætir ekki:

- × Afleiðingar slysa sem verða við út- eða uppskipun þegar aðrir en áhöfn vinna verkið.

Farangurstrygging greiðir ekki bætur vegna:

- × Tjóna á eignum skipverja af öðrum orsökum en sjóslysum eða bruna.

Líftrygging greiðir ekki bætur vegna:

- × Andláta af slysförum, þau fást bætt úr slysatryggingu.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin fellur úr gildi ef skip er selt eða leigt, nema um annað sé samið sérstaklega.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú getur dreift greiðslum með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.